

Fjölgun heimilislausra í hópi geðfatlaðra:

## Hefur ekkert með aukið ofbeldi að gera

– segir Geðhjálp – Miðborgarhópur segir úrræðaleysi ríkja



**Snjólaug G. Stefánsdóttir.**

Fimmtíu manns eru heimilislausir í Reykjavík og eiga hvergi höfði sínu að að halla. Talið er að tíu af þessum fimmtíu eigi við mjög alvarlegan vanda að etja en hinir séu á vergangi tímabundið vegna húsnæðisleysis. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu vinnuhóps um miðborgarmál sem lögð var fyrir borgarráð fyrr í vikunni. Í skýrslunni kemur fram að um sé að ræða úrræðaleysi heilbrigðiskerfisins og Félagsþjónustunnar.

„Niðurstaða vinnuhópsins leiðir í ljós nauðsyn þess að finna úrræði og auka þjónustu við heimilislausra, hvort sem þeir eru geðfatlaðir eða ekki. Nú þegar er hafið samstarf Félagsþjónustunnar, Reykjavíkurdéildar Rauða krossins og fleiri til að bæta um betur,“ segir Snjólaug G. Stefánsdóttir, verkefnisstjóri þróunarsviðs Ráðhússins. Í skýrslunni kemur einnig fram að Félagsþjónustan vinnur þessa dagana að því að koma upp tveimur sambýlum fyrir 10 til 15 einstaklinga. Það leysir þó ekki nema hluta vandans.

Þá vekur athygli að í skýrslunni er fjallað í sömu andrá um geðfatlað fólk og óreglumenn. Geðhjálp sendi frá sér ályktun um málið þar sem félagið lýsir áhyggjum sínum af fjölgun heimilislausra. „Fjölgun heimilislausra í hópi geðfatlaðra hefur ekkert með aukið ofbeldi í miðbænum að gera eins og lögreglan hefur staðfest en er skömm sem

yfirvöldum og hagsmunafélögum ber að takast á við og breyta. Í þessu sambandi mótmælir Geðhjálp harðlega lokunum geðdeilda í sumar sem þegar hefur valdið geðsjúkum og aðstandendum þeirra miklum óþægindum, segir í ályktun Geðhjálp.

Vinnuhópurinn leggur jafnframt til að útbúin verði handbók fyrir starfsfólk verslana og veitingahúsa um hvernig bregðast skuli við fólki sem er til vandræða sökum vímu-



**Bryndís Loftsdóttir.**



### Geðhjálp ályktar

*Félagið mótmælir lokunum geðdeilda í sumar og segir þær þegar hafa valdið geðsjúkum og aðstandendum þeirra miklum óþægindum.*

efnaneyslu eða af öðrum sökum. Bryndís Loftsdóttir, fulltrúi verslunarfélks í vinnuhópnum, segir starfsfólk í miðbænum finna til öruggisleysis, jafnt að degi sem kvöldi. Hún segir lögregluna vera allt frá 20 til 40 mínútum að bregðast við aðstoðarbeiðni og ljóst að auka þurfi samvinnu verslunarfélks og lögreglu. Lögreglan mun reiðubúin að gera upplýsingar um þessi efni aðgengileg á vefsíðu sinni. -ap